

AUGLÝSING

um deiliskipulag þéttbýlisins í Brautarholti á Skeiðum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skeiðahrepps þann 19. ágúst 1999 samþykkt deiliskipulag þéttbýlisins í Brautarholti.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjahlíð, 6. október 1999.

F.h. hreppsnefndar Skeiðahrepps,

Sveinn Ingvarsson oddviti.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag íþróttasvæðis í Ölfusdal, Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 9. september 1999 samþykkt nýtt deiliskipulag íþróttasvæðis í Ölfusdal, Hveragerði. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 5. október 1999.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Lónsbraut, vegna Lónsbrautar 6.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 21. september 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Lónsbraut sem samþykkt var 6. ágúst 1998 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Breytingin felst í breytingu á byggingarreit og fyrirkomulagi bílastæða við Lónsbraut 6.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. október 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.